

Hafnarfirði 31. ágúst 2015

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar,
b.t. Guðlaugar Kristjánsdóttur, forseta bæjarstjórnar.

Efni: Strandgata 26-30 deiliskipulagsbreyting.

Undirritaður óskar eftir að bæjarstjórn Hafnarfjarðar taki eftirfarandi athugasemdir fyrir á næsta fundi bæjarstjórnar 2. september n.k. þegar ofangreint mál verður tekið til umfjöllunar.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs 25. ágúst s.l. var tekin til meðferðar breyting á deiliskipulagi fyrir Strandgötu 26-30. Undirritaður hafði gert athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna á kynningartíma fyrir hönd Húsfélagsins Fjarðar. Við gerðum athugasemd við að kvöð væri sett um gegnumakstur um kjallara og flutninga á sorpi undir Fjarðargötu 13-15 vegna Strandgötu 30. Við höfum ekki enn fengið svör við athugasemdum okkar en svo virðist sem ekki hafi verið tekið tillit til þeirra.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir því að bilakjallari, geymslur og sorpgeymslur séu heimilaðar undir Strandgötu 30 og leggur kvöð á Fjarðargötu 13-15 um gegnumakstur og flutninga á sorpi. Slík kvöð mun auka umferðarálag og rýra gæði kjallarans undir Fjarðargötu 13-15 og því er henni mótmælt þar sem við teljum eðlilegt að aðkoma að bilakjallara Strandgötu 30 sé **leyst innan þeirrar lóðar**. Þessi kvöð, ef samþykkt verður, mun hefta og hafa hamlandi áhrif á þróun okkar hér í Firði til lengri tíma og mun rýra verðgildi eignarinnar til muna. Á því mun bæjarstjórn bera skaðabótaábyrgð samkvæmt 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, verði tillagan samþykkt.

Við sættum okkur ekki við greinda afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs og leitum því til bæjarstjórnar að samþykkja ekki þetta breytta deiliskipulag með greindri kvöð á fasteign okkar. Verði tillagan samþykkt af bæjarstjórn munum við leita réttar okkar með þeim hætti sem lög bjóða.

Virðingarfyllt,

G. Bjarni Harðarson
Guðmundur Bjarni Harðarson
Framkvæmdastjóri Húsfélagsins Fjarðar